

Mosfellsbær
Bryndís Haraldsdóttir formaður skipulagsnefndar
Finnur Birgisson skipulagsfulltrúi
Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ



Minjastofnun
Íslands

Reykjavík, 2. mars 2016

Tilvísun : 1916

Gamla Álafossverksmiðjan, breytingar og viðbyggingar

Í tölvupósti 17.2.2016 leitar Finnur Birgisson, f.h. Mosfellsbæjar, eftir ráðgefandi áliti Minjastofnunar Íslands vegna tveggja umsókna um útlitsbreytingar á einu verksmiðjuhúsanna í Álafosskvos. Með erindinu fylgja aðaluppdrættir af breytingunum. Þann 29. febrúar var umrætt hús og nánasta umhverfi skoðað í fylgd Finns Birgissonar og Bryndísar Haraldsdóttur.

Verksmiðjubyggingin sem sótt er um breytingu á er þrílyft steinsteypuhús með rishæð undir brotnu þaki, reist um 1950. Neðri hæð þess hefur verið nýtt undir markað en á efri hæðum eru vinnustofur og íbúðir. Vegna ungs aldurs fellur byggingin ekki undir ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012. Verksmiðjan er heillegasta og stærsta byggingin í kvosinni. Vesturgafli hennar er stílhreinn og byggingin áberandi kennileiti í umhverfinu. Byggðin í Álafosskvos nýtur hverfisverndar sk. aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030 og sk. ákvæðum þess eiga ... „viðbyggingar og breytingar að taka mið af núverandi byggð hvað varðar yfirbragð, svipmót og byggðareinkenni.“

Fyrir liggja tvær umsóknir um breytingar á ofangreindu húsi. Annars vegar fyrir byggingu anddyris við austurgafli. Hins vegar fyrir breytingum á innra skipulagi efstu hæðarinnar ásamt gerð kvists vestast á norðurhlið og svala milli hans og kvistsins sem fyrir er austast á þeirri hlið. Seinna erindið kemur til vegna þess að eigendurnir vilja fjölga íbúðum. Áður hefur verið veitt heimild fyrir gerð utanáliggjandi stálsvala á ýmsum stöðum á öllum hliðum hússins.

Minjastofnun Íslands telur stærð fyrirhugaðs anddyris við austurgafli ásættanlega en mælir með að tekið verði meira tillit til útlitseinkenna verksmiðjuhússins í efnisvali og útfærslum veggjaglæðninga og þakkants. Vel færi á því að steypa báða endagafli andyrisins og samræma hlutföll dyra- og gluggaopa á þeim við það sem fyrir er í húsinu.

Minjastofnun Íslands telur gerð annars kvists og svala á norðurhlið þakhæðar til lítillar þrýði fyrir hina einkennandi ásýnd verksmiðjuhússins og vart í samræmi við það sem áskilið er í hverfisverndarákvæðum aðalskipulags. Eftir breytinguna verður lítið eftir af sýnilegum þakfleti á norðurhlið hússins. Oft er miðað við að samanlögð breidd kvista sé ekki meiri en 2/3 af lengd viðkomandi hliðar og færi vel á því að leggja það til grundvallar við afgreiðslu þessa máls.

Mikilvægt er að nýr kvistur á norðurhlið, ef af verður, verði dreginn frá vesturhlið um a.m.k. 3-4 m. Leita ber allra leiða til að gera kvisti á þaki hússins sem minnst áberandi, t.d. með því að mála vegg þeirra í sama lit og þakið.

Komast má hjá því að gera innbyggðar svalir á þakfleti norðurhliðar með breytingum á innra skipulagi þakhæðar. Innbyggðar svalir á austari íbúðinni eru ekki nauðsynlegar þar sem heimild er fyrir svölum á austurhlið þeirrar íbúðar. Með því að víxla vinnustofu fyrir miðri vesturhlið og íbúð við norðurhlið má nýta áður samþykktar svalir á vesturgafli fyrir íbúðina, auk þess sem vistarverur hennar munu þá snúa betur við sól.

Miklu skiptir fyrir ásýnd hússins að ekki verði leyfðir kvistir á suðurhlið þakhæðar.

Ýmsar þær breytingar sem gerðar hafa verið á húsum í Álafossvos á undanförunum árum eru misjafnar að gæðum. Ósamræmi í útfærslum og efnisvali er nokkuð áberandi í annars vinalegu umhverfi. Leita ber leiða til að bæta ytra umhverfi húsanna og styrkja heildarmynd byggðarinnar, t.d. með samræmdum auðkennandi þaklit.

Virðingarfyllst,

f.h. Minjastofnunar Íslands



Pétur H. Ármannsson arkitekt

sviðsstjóri umhverfis og skipulags

Afrit í tölvupósti :

Finnur Birgisson finnur@mos.is

Bryndís Haraldsdóttir bryndisharalds@mos.is